

Íslenska kalkpörungafélagið ehf.
Hafnarsteigi 4
465 Bíldudalur

24. nóvember 2017
UST201511-031/S.K.
08.08.02

Efni: Lok eftirfylgni

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 20. júní 2016 þar sem Íslenska Kalkpörungafélagið ehf., var áminnt og krafð um úrbætur vegna tveggja frávíka sem fram komu við eftirlit 27. maí 2015. Farið var í eftirlit hjá rekstraraðila þann 20. október sl. þar sem staða frávíkanna var skoðuð og reyndust úrbætur hafa farið fram og frávíkunum því lokið.

Frávikin sem um ræðir eru eftirfarandi:


1. Í gr. 1.2 í starfsleyfi kemur fram að heimilt er að framleiða allt að 50.000 tonn af kalki á ári. Ekki eru tilgreindar fleiri framleiðsluafurðir í starfsleyfi. Skráð var frávik í eftirlit þar sem rekstraraðili framleiddi fóður til útflutnings sem og sand, en þessar afurðir voru ekki tilgreindar í umfangi starfseminnar í starfsleyfi. **Rekstraraðili hefur sótt um stækkun upp á 85.000 tonn fyrir kalkafurðum.**
2. Afsog skal vera frá rykupsprettum skv. gr. 2.1 í starfsleyfi en við eftirlit var einungis afsog frá þurrkara. **Afsogi með vothreinsibúnaði hefur verið komið á allar rykupsprettur í verksmiðjunni.**

Eftirfylgnimáli, sem hófst með bréfi, dags. 5. apríl 2016, er nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum, og er 26.400 kr., en það jafngildir tveir tímum sérfræðings.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



Svava Pétursdóttir
lögfræðingur